

21.1.2010

Heilbrigðisnefnd Alþingis.

116. mál

Hér fyrir neðan koma þau rök er fulltrúar FHR kynntu fyrir ráðherra 20.01.2010.

Þá viljum við einnig benda á að starfandi er Félag heilbrigðisritara og fylgja lög félagsins með. Félagsmenn nú um 110 konur. Í heilbrigðisritara námi við FÁ eru í dag 20 konur.

Félagið er mjög virkt og stendur fyrir símenntun félagskvenna í samvinnu við Starfsmennt, LSH og SFR kennt er í lotum sem nefndar hafa verið Hæfni. Loturnar hafa verið vel sóttar og er ein að fara af stað nú í byrjun febrúar. Í störfum heilbrigðisritara sem kannske ekki kemur nógu skýrt fram er að að heilbrigðisritari er í störfum sínum í beinni snertingu við sjúklinga og aðstandendur dag hvern.

Störf heilbrigðisritara er að taka á móti sjúklingum á deildum vísa þeim leiðina í gegnum oft flókið kerfi. Taka tillit til og hlúa að aðstandendum/skjólstæðingum er bíða á biðstofum.

Heilbrigðisritarar flytja sjúklinga milli staða t.d. í blóðprufur, skurðaðgerðir og ýmislegt annað. Þá erum andlit stofnanna í móttöku sjúkrahúsa og annarra heilbrigðis tengdra staða má þar telja heilsugæslu og einkareknar læknaþjónustur. Flestar okkar eru með deildarstjóra á hjúkrunarviði sem yfirmenn og vinnum við eftir verklýsingu frá þeim. Störf okkar eru margvísleg og mætti segja að þau væru jafn misjöfn og deildirnar innan LSH eru margar. Okkur eru falin mörg ábyrðar störf á deildum allar pantanir á rannsóknum, ýmis konar bókanir, gerð vaktaskema, vinnuskýrsluskil deilda o.s.frv.

Hér koma síðan rökin sem ráðherra voru afhent.

Af hverju að lögvernda starfsheitið heilbrigðisritari:

- Um er að ræða skilgreinda fagstétt sem starfar innan heilbrigðisgeirans.
- Landlæknir á að hafa eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta og lögverndun styður það.
- Með lögverndun gæti náðst sameiginlegur skilningur á starfi heilbrigðisritara, en víða á stofnunum gætir misskilnings þar sem mörg starfsheiti eru notuð yfir starf heilbrigðisritara. En þeir einir geta kallað sig heilbrigðisritara er lokið hafa prófi frá FÁ.
- Heilbrigðisritarar hafa lagt áherslu á að njóta símenntunar og stuðlar það að því að viðhalda þekkingu stéttarinnar.
- Öryggi í starfi. (Atvinnuöryggi hefur bætandi áhrif á heilsu.)
- Aðsókn að námi mun trúlega aukast.
- Gæði í heilbrigðisþjónustu batnar ef menntun starfsmanna er góð.
- Heilbrigðisritari er andlit hvernar stofnunar, fyrsti aðili er sjúklingar/aðstandendur mæta eða heyra í, í síma.

- Heilbrigðisritari er í nánu sambandi við sjúklinga og aðstandendur í daglegu starfi sínu.
 - Tilgangurinn með lögverndun er að vernda og tryggja sem besta þjónustu fyrir þá sem þurfa að sækja til hinna ýmsu heilbrigðisstofnana.
 - Sjúklingar og aðstandendur heilbrigðisþjónustu geti gengið að því sem vísu að faglega sé tekið á þeirra málum. Það er að sá sem kallast heilbrigðisritari hafi hlotið menntun samkvæmt námsskrá heilbrigðisritara og starfsþjálfun.
 - Heilbrigðisritaranámið er í dag 80 einingar og er keyrt samkvæmt endurskoðaðri námsskrá fyrir starfsnám heilbrigðisritara (áður hjúkrunar- og móttökuritari) sem samþykkt er af Menntamálaráðuneytinu í júní 2008.
 - Saga starfsstéttarinnar á rætur sínar að rekja lengra aftur en til 2008, en fyrstu hjúkrunar- og móttökuritararnir útskrifuðust frá FÁ 2004.
 - Styrkir stöðu þeirra sem hafa aflað sér menntunar og símenntunar
 - Tryggja þarf endurnýjun í stéttinni, en meðalaldur stéttarinnar er í hærra lagi.
 - Læknaritarar hafa lögverndað starfsheiti og er nám heilbrigðisritara orðið sambærilegt hvað varðar einingafjölda á við læknaritaranámið.
 - Ákveðið fordæmi var gefið þegar áfengis- og vímuefnaráðgjafar fengu lögverndað starfsheiti.
-
- Námsbraut fyrir heilbrigðisritara, áður hjúkrunar- og móttökuritari, á starfsmenntabrautum framhaldsskóla er ætlað að svara þörf fyrir sérhæft starfsfólk á heilbrigðisstofnunum og hjá fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu.
 - Undanfarin ár og áratugi hafa orðið miklar breytingar í heilbrigðisþjónustu hér á landi líkt og gerst hefur í öðrum löndum víða um heim. Framfarir hafa orðið á sviði tækni og vísinda, samskipti orðið flóknari og samkeppni um sérhæft og sérmenntað heilbrigðisstarfsfólk hefur aukist. Heilbrigðisstarfsmenn þurfa því sífellt að auka við þekkingu sína og færni til að sinna þeim verkefnum sem fylgja breyttu starfsumhverfi heilbrigðisstofnana og fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

7. grein. Reikningsár félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ákvörðun félagsgjalda gildir fyrir almanaksárið.

8. grein. Félagsfundir.

Félagsstjórn boðar til fundar í félaginu þegar hún sér ástæðu til. Stjórn félagsins er skylt að boða félagsfund ef a.m.k. 1/4 fullgildir félagsmanna óski þess, enda tilgreini þeir efni fundarins. Félagsfund skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Félagsfundur er lögmatúr ef löglega er til hans boðað.

9. grein. Nefndir.

Á félagsfundum og aðalfundi er heimilt að kjósa í nefndir til að fjalla um ákveðin málefni í samráði við félagsstjórn. Stjórninni er einnig heimilt að kalla menn sér til aðstoðar í einstökum málum.

10. grein. Gildistími laga.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé breytingin samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

11. grein. Ákvæði til bráðabirgða um félagsaðild.

Næstu 2 árin eftir gildistöku laganna á stofnfundi félagsins hafa aukaaðild að félaginu þeir fulltrúar hjúkrunar- og móttökuritarar sem ekki hafa sótt sér menntun í faginu. Talið er að á þeim tíma geti þeir aflað sér réttinda. Þeir hafa tillögurétt og málfrelsi, án atkvæðisréttar um málefni félagsins, nema að annað sé ákveðið á viðkomandi fundi.

12. grein. Félagsslit.

Félaginu verður aðeins slitið á löglega boðuðum aðalfundi. Tillaga um slit félagsins skal berast stjórn félagsins fyrir 15. mars. Telst hún aðeins samþykkt ef 2/3 fullgildra félagsmanna greiði tillögunni atkvæði sitt. Við boðun aðalfundar skal tillagan kynnt. Verði félaginu slitið renna eignir þess til líknarmála.

13. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi:

Reykjavík 31. maí 2005

Lög
Félags heilbrigðisritara.



Stofnað 31. maí 2005

1. grein. Nafn, kennitala, lögheimili og varnarþing félagsins.

Félagið heitir. Félag heilbrigðisritara skammstafað FHR. Félagssvæðið er allt landið. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein. Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu og samstarf félagsmanna, bæta þekkingu og hag þeirra eftir því sem við verður komið. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.

1. Að allir hjúkrunar- og móttökuritarar sem fullnægja settum skilyrðum verði félagar í félagi FHR.
2. Að vernda réttindi félagsmanna og vinna að kjarabótum.
3. Að stuðla að aukinni menntun félagsmanna, framþróun í námsskrá hjúkrunar- og móttökuritara og tryggja að námið sé alltaf fullnægjandi og í takt við kröfur tímans.
4. Að auka kynni og samheldni meðal félagsmanna.

3. grein. Réttur til aðildar að félaginu.

Rétt til fullrar aðildar að félagi heilbrigðisritara hafa þeir sem útskrifast sem hjúkrunar- og móttökuritarar samkvæmt námskrá á hverjum tíma og starfa á sjúkrahúsum, heilsugæslum eða öðrum sambærilegum stöðum. Einnig þeir einstaklingar sem eru 60 ára og eldri við stofnun félagsins og hafa langan starfsaldur í faginu samkvæmt mati félagsstjórnar.

1. Enginn verður sjálfkrafa félagi. Starfandi hjúkrunar- og móttökuritarar geta sótt um inngöngu í félagið til stjórnar og skal það gert skriflega. Það sama gildir um úrsögn félagsmanna úr félaginu.
2. Kjörgengi og kosningarétt hafa þeir einir sem eru fullgildir félagar, greitt hafa félagsgjöld og eru skuldlausir við félagið þegar framboðsfrestur rennur út. Félagar falla sjálfkrafa úr félaginu ef þeir hafa eigi greitt félagsgjöld síðastliðin þrjú ár.
3. Aðeins fullgildir félagar geta tekið að sér trúnaðarstörf fyrir félagið.
4. Þá hafa fullan rétt í félaginu þeir fullgildu félagar sem látið hafa af störfum vegna aldurs.

4. grein. Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skipa 7 fullgildir félagsmenn sem kosnir eru á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn.

Kosinn skal formaður félagsins og 6 meðstjórnendur.

Stjórnin skal skipa með sér verkum sem hér segir:

Varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga fyrir aðalfund.

5. grein. Málefni félagsins hverju sinni.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin skal framkvæma ákvarðanir sem teknar eru á aðalfundi og/eða sjá til þess að þær séu framkvæmdar einnig er hún málsvari félagsins út á við. Stjórn félagsins skal boða aðalfundi og félagsfundi. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnar mætir. Formaður skal stýra fundum félagsins öðrum en aðalfundum en þá skal skipaður sérstakur fundarstjóri. Heimilt er formanni þó að skipa sérstakan fundarstjóra á öðrum fundum. Fundarstjóri úrskurðar um ágreining um fundarskóp. Ritari skal halda gerðarbók um aðal-, félags- og stjórnarfundir. Þá skal hann halda félagaskrá. Gjaldkeri skal annast sjóðgæslu félagsins og hefur umsjón með fjármálum þess. Hætti stjórnarmaður á kjörtímabilinu er stjórninni heimilt að kalla til félagsmann í stjórn fram að næsta aðalfundi. Hætti formaður tekur varaformaður sæti formanns fram að næsta aðalfundi.

6. grein. Aðalfundur.

Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Til fundarins skal boða skriflega með **minnst 10 daga fyrirvara**. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins skriflega með **a.m.k. fimm daga fyrirvara** fyrir boðaðan aðalfund.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Skýrslur nefnda.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalda.
6. Kosningar. (sbr. 4. gr.)
7. Önnur mál